

ERINDISBRÉF

fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu.

1. gr.

Erindisbréf þetta tekur til eftirlitsmanna Fiskistofu, sem ráðnir eru til þess að fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni og til að sinna eftirliti í landi með veiðarfærum og búnaði skipa. Einnig skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun, meðferð og vinnslu afla, sem og útflutningi afla og afurða.

2. gr.

Eftirlitsmenn hafa skyldur og njóta réttinda, sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Fiskistofa ákveður vinnutilhögun eftirlitsmanna með hliðsjón af gildandi kjarasamningum.

Eftirlitsmönnum er skylt að rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

3. gr.

Eftirlitsmenn lúta yfirstjórn Fiskistofu, en forstöðumaður veiðieftirlits stýrir eftirlitsdeild og er yfirboðari eftirlitsmanna. Sér hann um daglega stjórn eftirlitsins að svo miklu leyti sem hún er ekki ákveðin í erindisbréfi þessu.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu kynna sér rækilega lög og reglugerðir svo og aðrar reglur svo sem ákvæði leyfisbréfa, sem gilda um hvers kyns veiðar og veiðarfæri í fiskveiðilandhelginni. Þeim er skylt að haga störfum sínum í samræmi við ákvæði slíkra fyrirmæla, ákvarðanir yfirmanna eftirlitsins og skriflegar starfslýsingar sem til eru á hverjum tíma.

5. gr.

Skipstjórum fiskiskipa er skylt að taka eftirlitsmenn með í veiðiferð sé þess óskað. Einnig er skipstjórum skylt að veita eftirlitsmönnum alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

6. gr.

Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu fylgjast með fiskveiðum og veiðarfærum í því skyni að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar og hafa eftirlit með því að þeim reglum sé fylgt sem um veiðarnar gilda.

Hvenær sem eftirlitsmenn Fiskistofu telja að veiðar skipa geti talist skaðlegar nytjastofnum, m.a. vegna mikils magns af smáfiski í afla, skulu þeir þegar tilkynna það Hafrannsóknarstofnuninni, eða þeim aðila, sem forstjóri stofnunarinnar hefur tilnefnt í þessu skyni.

Sé nauðsynlegt að banna veiðar af fyrrnefndum ástæðum skulu eftirlitsmenn gera tillögur um stærð svæðis eða svæða sem banna þarf veiðar á.

Verði eftirlitsmenn þess varir að afla sé kastað fyrir borð skulu þeir áætla og skrá eins nákvæmlega og við verður komið magn einstakra tegunda.

7. gr.

Eftirlitsmenn skulu eftir því sem við verður komið og í samráði við Hafrannsóknastofnunina annast almenna sýnatöku á fiski, skrá kyn hans, lengd, kynþroska, o.s.frv. Einnig skulu þeir gera aðrar þær athuganir fyrir Hafrannsóknastofnunina sem við verður komið.

8. gr.

Eftirlitsmenn skulu fylgjast með að afli sé veginn af löggiltum vigtarmönnum á löggiltum vogum eins og lög og reglur mæla fyrir um, að fisktegundum sé haldið aðgreindum og að landað magn hvernar tegundar sé rétt tilgreint í aflaskýrslukerfi Fiskistofu. Þeir skulu einnig fylgjast með því að afli einstakra fiskiskipa fari ekki fram úr aflaheimildum skipanna.

Jafnframt skulu eftirlitsmenn, eftir nánari fyrirmælum, safna upplýsingum um hreinlæti, hollustuhætti og innra eftirlit vinnsluleyfshafa.

9. gr.

Að lokinni hverri eftirlitsferð skulu eftirlitsmenn gefa yfirmanni skýrslu um ferðina. Sérstaka skýrslu skal gefa um meint brot.

Ennfremur skulu eftirlitsmenn halda dagbók sem Fiskistofa leggur til. Í dagbók skal tekið fram í hvaða skipum og/eða verstöðvum eftirlit fór fram og hvenær. Jafnframt skal tilgreina gististaði eftirlitsmanna, farartæki og annað er yfirmenn eftirlitsins óska eftir og sem að gagni má koma við daglegan rekstur eftirlitsins.

Skila skal dagbók eftir hvern mánuð eða oftar eftir ákvörðun yfirmanns.

10. gr.

Eftirlitsmenn skulu leita álits og úrskurðar yfirmanns um atriði sem þeir eru í vafa um.

11. gr.

Verði eftirlitsmenn þess varir að brotið sé gegn ákvæðum laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og skyldra laga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, skulu þeir tilkynna yfirmanni það.

12. gr.

Eftirlitsmönnum er óheimilt að stunda nokkurn þann atvinnurekstur eða atvinnu sem lýtur að fiskveiðum, fiskverkun eða fiskverslun.

13. gr.

Eftirlitsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

14. gr.

Erindisbréf þetta er gefið út samkvæmt 8. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 17. gr. laga nr. 38, 15 maí 1990 um stjórn fiskveiða, með áorðnum breytingum, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi erindisbréf nr. 40, 24 janúar 1983, fyrir eftirlitsmenn sjávarútvegsráðuneytisins.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson

Árni Kolbeinsson

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í þéttbýli á Eskifirði.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í Eskifjarðarkaupstað, sbr. c liðar 2. gr. samþykktar nr. 685/1994 um hunda- og kattahald í Eskifjarðarkaupstað, skal verða kr. 8.000 á ári. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundi, sbr. 6. gr. samþykktar nr. 685/1994 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Innifalið í skráningargjaldinu er skráning og ábyrgðartrygging á hundinum auk bandormahreinsunar einu sinni á ári.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt í bæjarráði Eskifjarðar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 30. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.